

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 31. október 2019

**Efni: Frádráttur vegna kolefnisjöfnunar, 27. mál**

Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hafa borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (frádráttur vegna kolefnisjöfnunar), 27. mál.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 31. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Þannig er lögð til breyting sem heimilar frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri. Lagt er til að heimilt verði að bein framlög til kolefnisbindingar eða kolefnisjöfnunar megi reiknast sem frádráttarbær rekstrarkostnaður atvinnurekstrar, allt að 0,85% af tekjum skv. B-lið 7. gr. laganna.


Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir í kaflanum: Umhverfi og loftslag, loftlagsmál: „*Stutt verður við atvinnugreinar, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög í þeirri viðleitni að setja sér loftslagsmarkmið. Ríkisstjórnin stefnir að því að allar stærri áætlanir ríkisins verði metnar út frá loftslagsmarkmiðum. Ívilnanir til nýfjárfestinga byggist á því að verkefni hafi verið metin út frá loftslagsáhrifum og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands um samdrátt í gróðurhúsalofttegundum. Lögð verður áhersla á þátttöku allra geira samfélagsins og almennings í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stutt við nýsköpun á þessu sviði.*“

Taka má undir með stjórnvöldum um að tryggja verði þátttöku allra til þess að takast á við þann vanda sem blasir við í loftslagsmálum. Þar eiga stjórnvöld að setja almennar skýrar og gagnsæjar reglur og umfram allt að reyna að hafa hvetjandi og jákvæð áhrif á breytni manna og lögaðila. Fyrirliggjandi frumvarp virðist byggjast á þeirri hugsun að vænlegt sé að auka vitund og ábyrgð fyrirtækja á forsvaranlegri hegðun og breytni og því ber að fagna. En til þess að ná að virkja nauðsynlega hvata verða forsvarsmenn fyrirtækja að sjá sér hag í að leggja sig fram í þessu sameiginlega verkefni.

Þegar 10% hækkun á kolefnisgjaldi tekur gildi 1. janúar 2020 hefur gjaldið fjórfaldast frá árinu 2010, þegar það var fyrst lagt á. Að mati SFS er þessi hækkun úr öllu hófi og til samanburðar má nefna að hún er nífalt meiri en sem nemur hækkun verðlags á sama tímabili, sé tekið mið af þróun vísitölu neysluverðs og sjá má á meðfylgjandi mynd.

## Þróun kolefnisgjalds og vísitölu neysluverðs

Vísitölur þar sem janúar 2010=100



\* Í september 2019 hafði vísitala neysluverðs (VNV) hækkað um 32% frá janúar 2010. Sæ spá Seðlabankans um þróun VNV


lögð til grundvallar um þróun hennar á næstu mánuðum mun VNV hafa hækkað um 33% í árslok 2019 frá janúar 2010..

Heimild: Alþingi, Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands

Frá því að kolefnisgjaldið var fyrst lagt á eldsneyti hafa sjávarútvegsfyrirtæki greitt ríflega 10 milljarða króna í kolefnisgjald. Þessi fjárhæð er rúmlega 35% af því sem kolefnisgjaldið hefur skilað ríkissjóði í tekjur á tímabilinu. Það er verulega hátt hlutfall, ekki síst í ljósi þess að hlutdeild sjávarútvegs í olíunotkun hérlandis var að jafnaði 20% á sama tímabili. Þá ber einnig að halda því til að haga að frá árinu 1990 hefur olíunotkun í sjávarútvegi næstum því helmingast. Yfirvöld hafa sýnt þeim árangri lítinn skilning svo sem sjá má af stórfelldri hækkun á kolefnisgjaldinu á undanförmum árum.

## Tekjur ríkissjóðs af kolefnisgjaldi

Í milljónum króna á verðlagi hvers ár



\*Kolefnisgjald í sjávarútvegi 2019/20 er áætlað með því að framreikna gjaldið árið 2018 m.v. 10% hækkun þess hvort árið

Heimild: Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara, Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020 og Ríkisreikningur 2010 til 2018

Markmið kolefnisgjaldsins er að hvetja til orkusparnaðar, notkunar vistvænni ökutækja, minni losunar á gróðurhúsalofttegundum og aukinnar notkunar á innlendum orkugjöfum. Kolefnisgjald, sem og önnur gjöld, sem draga úr möguleikum fyrirtækja til fjárfestinga, hefur þveröfug áhrif á íslensk sjávarútvegsfyrirtæki því þau hækka kostnað þeirra umfram það sem erlendir samkeppnisaðilar búa við. Það dregur með beinum hætti úr samkeppnishæfni, sér í lagi þegar lítið er til þess að 98% og ríflega það af íslensku sjávarfangi er selt á alþjóðlegum markaði. Á þeim markaði geta íslensk fyrirtæki, sökum smæðar, ekki fært kostnaðarhækkunar heima fyrir út í verð afurða.

Ef fyrirtækin hafa ekki nægjanlegt svigrúm til þess að fjárfesta, eins og til dæmis að skipta eldri skipum út fyrir nýrri, sparneytnari og afkastameiri skip, eða í öðrum orkusparandi búnaði, eru kostir þeirra þrengdir til að draga úr losun koltvísýrings. Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi virðist sem flutningsmenn hafi áttað sig á samhengi fjárfestinga og árangurs til að draga úr gróðurhúsalofttegundum og er það jákvætt.

Ofangreint er einkar mikilvægt í því ljósi að gera má ráð fyrir að megingilgangur breytinganna sé að skapa hvata til þátttöku fyrirtækja í öllum atvinnugreinum í baráttunni gegn hlýnun loftslags á heimsvísu. Á það við um reksturinn sjálfan en ekki síður um framlög fyrirtækja til skógræktar, endurheimtar landgæða og endurheimtar votlendis. Að mati samtakanna skýtur það skökku við að það verið sé að reyna að skapa hvata á meðan sjávarútvegur hefur þegar greitt milljarða í kolefnisgjald, gjald sem ekki verður séð að hafi skilað sér til raunverulegra aðgerða í þágu loftslagsmála.

SFS styður tillögur um að bein framlög til kolefnisbindingar eða kolefnisjöfnunar megi reiknast sem frádráttarbær rekstrarkostnaður atvinnurekstrar en því samhlíða verður kolefnisjöfnun að koma alfarið til frádráttar á kolefnisgjaldi. Þá er æskilegt að skýra betur fjölmarga þætti betur. Hér vísast m.a. til umsagna Ríkisskattstjóra og KPMG en frumvarp þetta hefur áður verið lagt fram á 149. lögjafarþingi. Samkvæmt 40. gr. stjórnarskrár verður skattlagning að byggjast á lögum og samkvæmt lögmatísreglu stjórnisýsluréttar verða skattalög að vera skýr og ótvíræð. Að mati samtakanna verður að huga betur að þessum atriðum í fyrirliggjandi frumvarpi.

Að mati samtakanna er æskilegt að skoða málaflökkinn heildstætt. Í því ljósi leggja samtökin til að **a)** hækkun kolefnisgjalds nú um áramótin verði endurskoðuð og **b)** sjávarútvegur, ásamt öðrum útflutningsgreinum, verði undanþeginn greiðslu kolefnisgjalds og stjórnvöld gangi til viðræðna við fyrirtæki í sjávarútvegi um hvernig kolefnisjafna megi íslenskan sjávarútveg í heild, án þess að draga úr samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar. Reyndar má færa fyrir því ákveðin rök að íslenskur sjávarútvegur, að fullu kolefnisjafnaður, verði samkeppnishæfari og muni ná betri fótfestu á alþjóðlegum markaði.

SFS áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

f.h. SFS



Heiðmar Guðmundsson hdl.